

Maí 2016

Atvinnuleit

Könnun meðal atvinnuleitenda og
atvinnurekenda á Austurlandi

Tinna K. Halldórsdóttir

AUSTURBRÚ FYRIR VINNUMARKAÐSRÁÐ AUSTURLANDS

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Töfluskra.....	1
Myndaskra	1
Viðaukamyndir	2
Helstu niðurstöður	3
Næstu skref	3
Um verkefnið.....	4
Aðferð og úrvinnsla.....	4
Niðurstöður úr viðtölum við atvinnuleitendur	4
Íslenskar konur í atvinnuleit.....	4
Pólskar konur í atvinnuleit	5
Niðurstöður úr könnun til atvinnurekenda.....	7
Spurningar um VMST	9
Spurningar um atvinnuleitendur.....	10
Vinnusamningar og vinnuprófun	12
Samantekt niðurstaðna.....	13
Næstu skref	14
Viðauki 1 – Töflur	15
Viðauki 2 – Viðtalsvísir	17
Viðauki 3 – spurningalisti til atvinnurekenda.....	18

Töfluskra

Tafla 1. Afdrif vinnusamninga og vinnuprófana.....	13
--	----

Myndaskra

Mynd 1. Starfsemi fyrirtækja	7
Mynd 2. Starfsmannafjöldi.....	7
Mynd 3. Vinnutími	8

Mynd 4. Kynjahlutfall og starfsemi	8
Mynd 5. Ráðningar	9
Mynd 6. Leitar fyrirtækið til VMST eftir starfsfólki	9
Mynd 7. Færni og hæfni eftir starfsemi	9
Mynd 8. Efla tengsl og starfsemi	10
Mynd 9 Færni og hæfni atvinnuleitenda.	10
Mynd 10. Kröfur um íslenskukunnáttu	11
Mynd 11. Íslenskukunnátta eftir starfsemi	11
Mynd 12. Viðhorf til vinnusamninga og vinnuprófunar	12
Mynd 13. Reynsla af vinnusamningum og vinnuprófunum	12
Mynd 14. Skoða frekar vinnusamninga og vinnuprófanir	12
Mynd 15. Reynsla af vinnusamningum og vinnuprófun	13

Viðaukamyndir

Viðaukamynd 1. Vinnutími eftir starfsemi	15
Viðaukamynd 2. Árstíðasveiflur eftir starfsemi fyrirtækis	15
Viðaukamynd 3. Árstíðasveiflur.	16
Viðaukamynd 4. Færni og hæfni	16

Helstu niðurstöður

Niðurstöður viðtala og atvinnurekendakönnunar gefa til kynna að auka megi skilvirkni atvinnuleitar og bæta aðstæður atvinnuleitenda. Aðeins um helmingur fyrirtækjanna hafði leitað til VMST eftir starfsfólki og um fjórðungur fyrirtækjanna hafði fengið fyrirspurn frá VMST fyrir hönd atvinnuleitanda. Athygli vekur að vinnusamningar og vinnuprófanir enda sjaldnast með ráðningu atvinnuleitanda. Atvinnuleitendur með heilsufarsvanda eru hópur sem þarf sérstaka athygli. Auka þarf samtal milli VMST og StarfA. Pólskir atvinnuleitendur höfðu gagnlegar ábendingar um íslenskunámskeið sem koma þarf til réttara aðila og einnig óskir um menningar- og félagsnámskeið. Áhugaverðir punktar komu fram í viðtölum við atvinnuleitendur.

Næstu skref¹

- **Fyrir erlenda atvinnuleitendur:**
 - Endurskoða þarf form íslenskunámskeiða. Of mikil áhersla er lögð á málfræði og of lítil áhersla á hagnýtan orðaforða.
 - Auka þarf fræðslu um samfélag og menningu þar sem menning Íslendinga er ólík þeirri pólsku og þörf á leiðsögn um hvað er viðeigandi og venja hér.
- **Samstarf og samskipti**
 - VMST leiti meira til fyrirtækja.
 - Efla ætti samstarf við StarfA vegna atvinnuleitenda.
- **Úrræði fyrir atvinnuleitendur**
 - Rýna þarf af hverju atvinnuleitendur fá ekki vinnu eftir prófunarúrræði.
 - Kanna þarf hvort einstaklingar með fyrirvara á atvinnuþátttöku þurfi frekar starfsendurhæfingu en að vera í atvinnuleysisbótakerfinu og þar sem við á færa atvinnuleitendur með heilsufarsvanda úr atvinnuleysisbótakerfinu í endurhæfingarkerfið.
 - Það þarf að staðla frumkvöðla og nýsköpunarsamningar.
 - VMST á að koma atvinnuleitendum í samstarf við Nýsköpunarmiðstöð eða Hugvang.
 - Tryggja þarf framboð á námi við hæfi fyrir atvinnuleitendur.

¹ Ítarlegri útlistun í lok skýrslu

Um verkefnið

Verkefnið var unnið að frumkvæði Vinnumarkaðsráðs Austurlands í þeim tilgangi að auka tengsl atvinnurekenda og atvinnuleitenda á Fljótsdalshéraði og í Fjarðabyggð. Markmiðið var að efla skilvirkar leiðir fyrir atvinnuleitendur í sinni atvinnuleit og finna leiðir fyrir atvinnurekendur til að koma sinni þörf fyrir vinnuafli á framfæri. Austurbrú var falin framkvæmd verkefnisins. Rannsóknarspurningin sem lagt var upp með hljóðaði þannig: *Hvernig er hægt að stuðla að auknu samstarfi vinnumarkaðarins og atvinnuleitenda?* Leitað var svara við þessari spurningu hjá atvinnuleitendum sem voru á skrá Vinnumálastofnunar (VMST) og hjá atvinnurekendum á Austurlandi. Horft var sérstaklega til kvenna á atvinnuleysissskrá og ungs fólks. Rætt var við atvinnuleitendur í rýnihópum með hálfstöðluðum viðtölum en viðhorf atvinnurekenda voru könnuð með rafrænni könnun. Niðurstöður viðtala og könnunar eru ætlaðar sem grundvöllur fyrir mótun verkefna, verkferla eða annarra afurða sem niðurstöður gefa tilefni til. Afurðum er ætlað að auka möguleika atvinnuleitenda á að fá störf við hæfi. Hugsanlegir samstarfsaðilar við mótun slíkra afurða væru VMST, Starfsendurhæfing Austurlands (StarfA) og Virk auk fyrirtækja og stofnana. Áður hefur verið gerð könnun meðal atvinnulausra kvenna á Austurlandi og verður litið til þeirra niðurstaðna við úrvinnslu þessa verkefnis.

Aðferð og úrvinnsla

Verkefnið var unnið með blöndu af eigindlegri og megindlegri aðferð; rýnihópar atvinnuleitenda og rafræn spurningakönnun atvinnurekenda. Viðtölin voru hálfstöðluð sem felur í sér að spurningalisti var til hliðsjónar en hverjum þátttakanda frjálst að spinna svör sín út frá eigin viðhorfum og hugleiðingum og með eigin orðum. Engir fyrirfram gefnir svarmöguleikar voru til staðar. Viðtöl voru tekin við pólskar konur með aðstoð túlks en að öðru leiti eins útfærð (sjá viðtalsvísi í viðauka 2). Spurningalistinn (sjá viðauka 3) sem lagður var fyrir atvinnurekendur var sendur út sem hlekkur í tölvupósti. Ítrekun var send þremur vikum síðar. Erfitt var að safna netföngum og þeirra víða leitað til að ná til sem flestra en alls var hlekkurinn sendur á tæplega 400 netföng. Líklegt er talið að þau hafi ekki öll verið virk. Verkefnið hófst í október 2015 og úrvinnsla lauk í maí 2016.

Niðurstöður úr viðtölum við atvinnuleitendur

Haft var samband við tvo hópa kvenna í atvinnuleit og óskað eftir þátttöku í viðtalshópi. Annars vegar var hópur sex íslenskra kvenna og hins vegar hópur níu pólskra kvenna. Ákveðið var að halda hópunum aðskildum þar sem veruleiki og forsendur starfsleitar voru talin ólík milli hópanna.

Íslenskar konur í atvinnuleit

Konurnar voru á aldrinum 20 til 60 ára, þar af voru fjórar undir 35 ára og tvær eldri en 50 ára. Tvær höfðu háskólamenntun, tvær voru stúdentar og tvær með grunnskólapróf og vinnutengd námskeið. Konurnar höfðu verið 2-12 mánuði á atvinnuleysissskrá.

Spurt var um eftirtalin atriði: Hvar starfað og óskastarf, gengi og aðferðir við atvinnuleit, samskipti við atvinnurekendur og VMST, stuðningur og úrræði VMST, fordómar og upplifun.

Háskólamenntuðu konurnar tvær vildu fá vinnu tengda sinni menntun og fannst erfitt að finna að ætlast var til að þær tækju hvaða vinnu sem byðist. Þær unnu báðar að þróun eigin fyrirtækjareksturs og fannst þær ekki fá nægjanlega góða leiðsögn þar að lútandi. Þeim var ekki vísað í Hugvang eða samskipti við Nýsköpunarmiðstöð og þróunartími sem úthlutað var af VMST virtist tilviljanakenndur. Þróunartími þarf að vera nægjanlega langur til að hægt sé að ljúka undirbúningsvinnu en langur tími gerir lítið gagn ef enginn frekari stuðningur býðst. Varðandi námskeið almennt og stuðning við atvinnuleitendur kom fram að samskipti við VMST voru góð en viðmælendur upplifðu ákveðið úrræðaleysi. Þannig sýndi VMST lítið frumkvæði og á ábyrgð atvinnuleitenda að sækjast eftir upplýsingum og tilboðum sem þeim fannst að VMST ætti að miðla. Konurnar leituðu eftir ólíkum störfum; tvær þeirra voru ekki í raun að leita að störfum, önnur vegna meðgöngu og hin vegna heilsu. Fyrri störf kvennanna voru fjölbreytt, þær höfðu ekki áhuga á umönnun en vildu frekar einhvers konar skrifstofustörf. Starfsleit þeirra hafði gengið erfiðlega; þær höfðu fengið hafnanir og/eða ekki fundið starf við hæfi. Þær töldu að erfiðara væri almennt að koma af atvinnuleysisbótum í nýtt starf en einfaldlega skipta milli starfa, úr einni vinnu í aðra. Enn verra er í smáu samfélagi að hafa veikindasögu, það hefur neikvæð áhrif á atvinnuleit. Einnig var töluvert um fyrirvara vegna heilsubrests og konurnar ekki tilbúnar til allra starfa vegna stoðkerfisverkja eða annarra kvilla. Ákveðnir fordómar voru til staðar, bæði hjá þeim sjálfum og öðrum gagnvart atvinnuleysinu. Háskólamenntuðu konurnar upplifðu fordóma gagnvart því að þær tækju ekki hvaða vinnu sem byðist og fordómar birtust einnig í því að atvinnuleitendur leita lítið til VMST.

Þólskar konur í atvinnuleit

Fjöldi þólskumælandi kvenna var á atvinnuleysiskrá þegar könnunin var gerð og var talað við níu þeirra með aðstoð tólks. Ein þeirra talaði þokkalega íslensku, aðrar voru með minni og jafnvel enga færni í málinu. Konurnar voru á aldrinum 23-55 ára og höfðu búið á Íslandi í mislangan tíma. Þrjár voru með grunnskólapróf, fjórar höfðu lokið menntaskólaprófi og tvær voru háskólamenntaðar. Atvinnuleysi þeirra hafði staðið frá 2 mánuðum í rúmt ár samfelld og allt að 3 ár af og til. Konurnar voru flestar til í öll störf. Ein glímdi við heilsufarsvanda sem þurfti að taka tillit til. Nokkrar voru með lítil börn og vildu vinna í sínum heimabæ til að geta farið með og sótt börn í leikskóla. Háskólamenntuðu konurnar tvær voru tilbúnar að vinna launalaust í sínu fagi til að fá tækifæri á starfi en þær voru vanar slíku fyrirkomulagi frá Póllandi. Tungumálaerfiðleikar hindruðu þær í að fá sum störf og þær vildu allar bæta úr íslenskukunnáttu sinni. Atvinnuleit þeirra hafði verið tvennskonar, annars vegar þær sem treystu sér illa til að sækja vinnu, þorðu ekki að hringja eða senda tölvupóst vegna tungumálaerfiðleikanna og hins vegar þær sem sóttust eftir vinnu en fengu höfnun af ólíkum ástæðum s.s. bílprófsleysi, tungumálakunnáttu eða bara óútskýrt nei. Samskiptin við VMST voru ágæt en takmörkuðust af tungumálaerfiðleikum á stundum og jafnvel kom upp misskilningur. Þær upplifðu stuðning og hvatningu og sumar höfðu fengið boð á námskeið, og vildu meira af slíku. Fordómar voru til

staðar hjá sumum gagnvart sjálfum sér og jafnvel svo að enginn í umhverfi þeirra vissi að þær væru á atvinnuleysisbótum. Aðrar upplifðu enga fordóma.

Í gegnum samtölin við konurnar kom í ljós þörf á að endurskoða og endurhanna íslenskunámskeið fyrir útlendinga. Nemendur geta þeir ekki notað í daglegu lífi það sem þeir læra og fannst námskeiðin byrja á of flóknum atriðum. Þær töldu óþarfa að kenna málfræði þar sem það sem skiptir máli sé að læra orð og setningar til nota í daglegu lífi til dæmis að fara til læknis, panta tíma í klippingu, versla mat eða sækja um starf. Fram kom að konurnar þora ekki að fara í viðtöl vegna þess að þær vita ekki hvað þær eiga að segja. Annað sem kom fram var að engar kröfur eru gerðar til nemenda í íslenskunámskeiðum, það er nóg að mæta til að ljúka námskeiði og þá leggur fólk sig ekki fram, hvorki kennari né nemendur. Gerð var athugasemd við að núverandi kennari tali meiri pólsku en íslensku og að námskeiðið sé bara sóun á tíma þeirra og peningum ríkisins. Þær sem höfðu verið á námskeiði áður sögðu að kennarinn hefði verið betri. Annað áhugavert sem konurnar nefndu í viðtölunum varðar uppeldi og menningu. Menning í heimalandi er öðruvísi og þær vita ekki hvernig á að haga sér í íslenskri menningu og á vinnustöðum. Þetta veldur oft misskilningi og vandræðum í samfélagi og í starfi. Til dæmis má starfsmaður í Póllandi, sem segir við yfirmann sinn að hann kunni ekki eitthvað eða skilji ekki eiga von á skömmum fyrir að leggja sig ekki nógu mikið fram eða hlusta ekki á yfirmann. Á Íslandi er hins vegar ætlast til þess að menn láti vita þegar þeir skilja eitthvað ekki eða kunni ekki. Þetta veldur misskilningi sem væri hægt að hindra með fræðslu um samfélagsleg og menningarleg atriði. Pólverjar eru stressaðir og hræddir við að gera mistök en Íslendingar eru afslappaðri. Svona fræðsla myndi hjálpa mörgum að skilja samfélagið og auka kjark til að tala og eiga samskipti. Einn pólski viðmælandinn var kennaramenntuð og sagðist hafa áhuga á að koma að hönnun námskeiða.



Niðurstöður úr könnun til atvinnurekenda

Alls bárust 112 svör við könnuninni úr ýmsum starfsgreinum. Þátttakendur dreifðust nokkuð jafnt milli starfsgreina en fjölmennustu hópar svarenda voru úr gisti- og veitingageiranum og úr iðnaði. Flokkunin er gróf flokkun en endurspeglar þokkalega raunverulega skiptingu starfsgreina á Austurlandi.




Mynd 1. Starfsemi fyrirtækja

Fjöldi starfsmanna var oftast á bilinu 1-5. Fjölmennustu fyrirtæki voru í iðnaði og opinberri þjónustu.



Mynd 2. Starfsmannafjöldi


Vinnutími fyrirtækja var oftast nær breytilegur eða dagvinna, unnin á bilinu 8-18. Breytilegi vinnutíminn var annað hvort sveigjanlegur, með bæði vakta og dagvinnu fyrirkomulagi eða sveiflukenndur eftir verkefnastöðu. Fyrirtæki í



hótel, gisti og veitingageiranum voru lang oftast með breytilegan og sveiflukenndan vinnutíma. Árstíðasveiflur voru einnig miklar hjá þeim fyrirtækjum en 90% þeirra þurftu fleiri starfsmenn að sumri en vetri. Um helmingur fyrirtækjanna var með stöðugan fjölda starfsmanna og litlar sveiflur, aðeins tæp 4% fyrirtækja þurftu fleiri starfsmenn að vetri og voru þau flest í iðnaði.

Mynd 3. Vinnutími


Kynjahlutfall starfsmanna fyrirtækjanna sem svöruðu var oftast þannig að konur voru fjölmennari. Ef starfsemi fyrirtækja var greind út frá kynjaskiptingu kom í ljós að jafnt kynjahlutfall var óalgengt eða um 15% í heildina og algengara að annað kynið væri fjölmennara á vinnustaðnum, í heildina oftast konur eða um 51%. Það er ekki í samræmi við vinnumarkaðspáttöku og því ljóst að í könnunina vantar fyrirtæki þar sem karlar eru fjölmennari. Meiri árstíðasveiflur voru hjá þeim fyrirtækjum þar sem konur voru fjölmennari. Konur voru fleiri en karlar í fámennari fyrirtækjunum og karlar fleiri í þeim fjölmennari.



Mynd 4. Kynjahlutfall og starfsemi


Spurningar um VMST

Atvinnurekendur voru spurðir að því hvort leitað væri til VMST eftir starfsfólki og var það stundum svo hjá 45% svarenda. Eins var spurt hvort VMST hefði leitað til fyrirtækis þeirra fyrir hönd atvinnuleitenda og hafði slíkt átt sér stað hjá um 28% fyrirtækjanna.




Mynd 5. Ráðningar

Ef skoðað er út frá starfsemi fyrirtækja hvort þau leiti til VMST eftir starfsfólki kemur í ljós að fyrirtæki í sérfræðigreinum leita almennt ekki til VMST á meðan allt að helmingur gerir það í öðrum greinum og rúm 60% fyrirtækja í iðnaði hafa leitað til VMST eftir starfsfólki.




Mynd 6. Leitar fyrirtækið til VMST eftir starfsfólki

Ef borið er saman hvort VMST leiti til fyrirtækja fyrir hönd atvinnuleitenda og hvort fyrirtæki leiti til VMST kemur í ljós að fyrirtæki virðast leita oftast til VMST en VMST til fyrirtækja. VMST leitar oftast til fyrirtækja í iðnaði fyrir hönd atvinnuleitenda og sjaldnast til sérfræðifyrirtækja eða fyrirtækja í hótél, veitinga og gististarfsemi.



Mynd 7. Færni og hæfni eftir starfsemi

Áhugi á að efla samskipti við VMST vegna nýráðninga skiptist í helminga; um 45% höfðu áhuga á því en 55% höfðu ekki áhuga. Ekki var spurt um ástæður eða umfang nýráðninga hjá fyrirtækjum en fyrirtæki í iðnaði og velferð höfðu helst áhuga á að auka tengsl vegna ráðninga.




Mynd 8. Efla tengsl og starfsemi

Tæplega helmingur fyrirtækjanna eða 45% hafði ekki verið í samskiptum við VMST en af þeim sem höfðu verið í samskiptum töldu flest þau vera góð eða 68% og sögðu 32% þau vera sæmileg.

Spurningar um atvinnuleitendur

Kannað var viðhorf atvinnurekenda til atvinnuleitenda og var það almennt jákvætt (83%). Viðhorf eftir starfsemi voru jákvæðust meðal fyrirtækja í iðnaði og sérfræðiþjónustu þar sem um 91% voru jákvæðir gagnvart atvinnuleitendum. Um 74% fyrirtækja í veitinga og gististarfsemi voru jákvæð en verslun, velferð og opinber stjórnarsýsla voru í kringum 80%.

Atvinnurekendur voru spurðir að því annars vegar hvort þeir teldu atvinnuleitendur á skrá VMST almennt vera hæft starfsfólk og hins vegar hvort þeir hefðu færni til starfa hjá þeirra fyrirtæki. Almennt voru atvinnurekendur sammála um að ekki væri til staðar færni eða hæfni sem þeir væru að sækjast eftir í sinn starfsmannahóp en um 22% töldu atvinnuleitendur á skrá VMST hafa færni sem nýttist þeirra fyrirtæki en 33% töldu að almennt væri hægt að finna hæft starfsfólk hjá VMST.




Mynd 9 Viðhorf atvinnurekenda til færni og hæfni atvinnuleitenda.

Íslenskukunnátta sem skilyrði fyrir ráðningu var til staðar í 38% tilvika en skipti ekki máli fyrir 23% fyrirtækjanna.



Mynd 10. Kröfur um íslenskukunnáttu


Kröfur um íslenskukunnáttu eftir starfsemi fyrirtækja sýna að mikilvægast er að starfsmenn tali góða íslensku í velferðarþjónustu og minnstu skipti íslenskukunnátta í iðnaði, sérfræðistörfum og verslun.



Mynd 11. Íslenskukunnátta eftir starfsemi


Vinnusamningar og vinnuprófun

Spurt var um viðhorf til vinnusamninga fyrir fólk á atvinnuleysiskrá og vinnuprófun fyrir einstaklinga í starfsendurhæfingu. Gerður er samningur við fyrirtæki með aðkomu VMST eða StarfA. Neikvætt viðhorf kom fram hjá þremur tegundum fyrirtækja en um 13% fyrirtækja í gisti- og veitingastarfsemi hafði neikvætt viðhorf, um 9% í sérfræðifyrirtækjum og 4% hjá iðnfyrirtækjum.




Um 70% atvinnurekenda hafði ekki tekið þátt í vinnuprófunarsamningum (StarfA) og tæp 50% hafði ekki tekið þátt í vinnusamningum (VMST). Sérfræðifyrirtæki höfðu sjaldnast tekið þátt í vinnuprófunum en opinber fyrirtæki oftast. Iðnfyrirtæki höfðu sjaldnast verið með vinnusamninga en verslun og þjónustufyrirtæki oftast.

Mynd 12. Viðhorf til vinnusamninga og vinnuprófunar




Mynd 13. Reynsla af vinnusamningum og vinnuprófunum

Um 20% atvinnurekenda sem höfðu áhuga á að skoða frekar þessi úrræði. Fyrirtæki í verslun og þjónustu sem og sérfræðiþjónustu höfðu í 33% tilvika áhuga á að skoða vinnusamninga frekar og 31% fyrirtækja í velferðarstarfsemi og 25% í gisti og veitingastarfsemi höfðu áhuga á að skoða vinnuprófanir frekar.



Mynd 14. Áhugi atvinnurekenda á að skoða frekar vinnusamninga og vinnuprófanir

Af þeim fyrirtækjum sem höfðu reynslu af vinnusamningum og vinnuprófunum var algengast að starfsmaðurinn hefði ekki verið ráðinn að prófun eða samningi loknum. Vinnusamningar virtust gefa jákvæðari reynslu en vinnuprófanir en tæplega þriðjungur taldi vinnuprófun ekki ganga vel.



Mynd 15. Reynsla af vinnusamningum og vinnuprófun

Þar sem þriðjungur fyrirtækjanna hafði tekið þátt í vinnusamningi og aðeins 14% tekið þátt í vinnuprófun er erfitt að bera saman eftir starfsgreinum en dreifinguna má sjá í eftirfarandi töflu. Að meðaltali var algengast að starfsmaðurinn væri ekki ráðinn að úrræðinu loknu. Frumástæðan var í fæstum tilfellum sú að ekki hefði gengið nógu vel. Helst var starfsmaðurinn ráðinn í gisti og veitingageiranum eða sérfræðistarfsemi að úrræði loknu.

Tafla 1. Afdrif vinnusamninga og vinnuprófana. Allar tölur eru hlutföll (%).

	Iðnaður	Verslun	Gisti/Veitingar	Sérfræði	Opinber	Velferð
Vinnusamningur, starfsmaður var ráðinn	12,5	14,3	16,7	16,7	8,3	15,4
Vinnuprófun, starfsmaður var ráðinn	12,5				16,7	7,7
Vinnusamningur starfsmaður ekki ráðinn	20,8	14,3	12,5	8,3	33,3	23,1
Vinnuprófun, starfsmaður ekki ráðinn	12,5		4,2		16,7	7,7
Vinnusamningur gekk ekki vel			4,2			7,7
Vinnuprófun gekk ekki vel	4,2					

Samantekt niðurstaðna


Niðurstöður viðtala og atvinnurekendakönnunar gefa til kynna að auka megi skilvirkni atvinnuleitar og bæta aðstæður atvinnuleitenda. Aðeins um helmingur fyrirtækjanna hafði leitað til VMST eftir starfsfólki og um fjórðungur fyrirtækjanna hafði fengið fyrirspurn frá VMST fyrir hönd atvinnuleitanda. Athygli vekur að vinnusamningar og vinnuprófanir enda sjaldnast með ráðningu atvinnuleitanda þó gengu vinnusamningar betur en vinnuprófun. Áhugaverðir punktar komu fram í viðtölum við atvinnuleitendur. Huga þarf að stuðningi við atvinnuleitendur í þróunarverkefnum og upplýsa þá betur um úrræði sem í boði eru. Ennfremur þarf að meta betur hve langan tíma verkefni þeirra þurfa. Atvinnuleitendur með heilsufarsvanda eru hópur sem þarf sérstaka athygli. Mikilvægt er að meta hvort viðkomandi er í réttu úrræði og eigi hugsanlega betur heima í endurhæfingu eða félagslega kerfinu. Kanna þarf hvort setja þurfi skýrari skilyrði um hvenær einstaklingur er gjaldgengur til atvinnuleysisbóta og hvenær heilsufarsvandi hans er þess eðlis að hann hafi meira gagn af starfsendurhæfingu. Auka þarf samtal milli VMST og

StarfA. Námskeiðsskylda atvinnuleitenda er ekki til staðar og líttillir virkni krafist í raun, fyrir suma er það bagalegt. Pólskir atvinnuleitendur höfðu gagnlegar ábendingar um íslenskunámskeið sem koma þarf til rétttra aðila og einnig óskir um menningar- og félagsnámskeið. Ef til vill væri kjörið að leita til þeirra um skipulag og framkvæmd slíkra námskeiða enda betra að notendur þjónustunnar hafi eitthvað um hana að segja.


Næstu skref

- **Fyrir erlenda atvinnuleitendur:**
 - Endurskoða þarf form íslenskunámskeiða. Of mikil áhersla er lögð á málfræði og of lítil áhersla á hagnýtan orðaforða.
 - Auka þarf fræðslu um samfélag og menningu þar sem menning Íslendinga er ólík þeirri pólsku og þörf á leiðsögn um hvað er viðeigandi og venja hér.
 - Skoða þarf að fá pólskan kennara til dæmis til að koma að uppbyggingu og skipulagningu betri námskeiða. Einn viðmælenda var menntaður kennari og hafði áhuga á að vinna að slíku námskeiði.
 - Koma þarf á stuðningi fyrir háskóla- og fagmenntaða útlinga til að koma sér á framfæri og fá menntun sína viðurkennda.
- **Samstarf og samskipti**
 - VMST leiti meira til fyrirtækja. fyrirtæki í velferðargeiranum (fræðsla, heilbrigði, félagsþjónusta) hafa á huga á að auka samstarf og áhugi er til staðar hjá iðnfyrirtækjum sem hafa verið að nýta sér VMST til að ráða starfsmenn.
 - Efla ætti samstarf við StarfA vegna atvinnuleitenda og skilyrða bætur við námskeiðspáttöku.
 - Bæta þarf samskipti milli VMST og fyrirtækja. Meiri tengsl og samtal bætir tækifæri til samstarfs.
 - Atvinnurekendur: í rýnihópum kom fram að atvinnuleitendur töldu sig upplifa fordóma frá atvinnurekendum ef þeir koma inn í störf af atvinnuleysiskrá. Kanna þarf þennan þátt og bregðast við. Hangir e.t.v. saman með atvinnuleitendum með mörg skilyrði fyrir vinnuþáttöku.
- **Úrræði fyrir atvinnuleitendur**
 - Rýna þarf af hverju atvinnuleitendur fá ekki vinnu eftir prófunarúrræði.
 - Kanna þarf hvort einstaklingar með fyrirvara á atvinnuþáttöku þurfi frekar starfsendurhæfingu en að vera í atvinnuleysisbótakerfinu og þar sem við á færa atvinnuleitendur með heilsufarsvanda úr atvinnuleysisbótakerfinu í endurhæfingarkerfið.
 - Það þarf að staðla frumkvöðla og nýsköpunarsamningar. Í dag skortir samræmi og sumir fá x og aðrir y. Þá eru samningarnir of stuttir.
 - VMST á að koma atvinnuleitendum í samstarf við Nýsköpunarmiðstöð eða Hugvang.
 - Tryggja þarf framboð á námi við hæfi fyrir atvinnuleitendur. Til þess ætti að kanna möguleika á að flytja á svæðið námskeiðshaldara jafnvel í samstarfi við fleiri. Ef um ferðakostnað er að ræða má hann alls ekki falla á þátttakendur.


Viðauki 1 – Töflur




Viðaukamynd 1. Vinnutími eftir starfsemi



Viðaukamynd 2. Árstíðasveiflur eftir starfsemi fyrirtækis



Viðaukamynd 3. Árstíðasveiflur.



Viðaukamynd 4. Færni og hæfni .

Viðauki 2 – Viðtalsvísir

- Nafn fyrir upptökuna, menntun og starfsreynsla hve lengi atvinnulaus
- Hvar starfað? Hvað viltu starfa? Hvernig hefur gengið?
- Hvaða aðferðum hefurðu beitt í starfsleitinni? Hver hafa viðbrögðin verið? Samskipti við atvinnurekendur? Hindranir?
- Samskiptin við VMST, úrræðin, stuðningurinn, hvatning. Hvaða úrræði viltu sjá?
- Fordómar, í víðu samhengi í tengslum við atvinnuleysi
- Annað?

Viðauki 3 – spurningalisti til atvinnurekenda

Um könnunina

Þessi könnun er gerð af Austurbrú fyrir Vinnumarkaðsráð Austurlands. Tilgangur hennar er að kanna viðhorf atvinnurekenda til atvinnuleitenda á skrá Vinnumálastofnunar og til stofnunarinnar sjálfrar. Niðurstöður verða nýttar til efla tengsl atvinnurekenda við Vinnumálastofnun og gera atvinnuleit skilvirkari.

Best er að sá sem svari könnuninni sé viðriðinn mannaáörðningar.

Ef spurningar vakna má hafa samband við verkefnastjóra Austurbrúar í netfangið tinna@austurbru.is

Niðurstöður eru órekjanlegar til einstakra aðila.

Svar þitt er mikilvægt. Takk fyrir að taka þátt!

1. Hver er starfsemi fyrirtækisins?

- Landbúnaður og skógrækt
- Fiskveiðar
- Iðnaður
- Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð
- Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta
- Hótel og veitingahúsarekstur
- Samgöngur og flutningar
- Fjármálaþjónusta, váttryggingar
- Fasteignaviðskipti, leigustarfsemi og sérhæfð þjónusta
- Opinber stjórnsýsla
- Fræðslustarfsemi
- Heilbrigðis og félagsþjónusta
- Önnur félags og menningarþjónusta
- Annað, hvað?

2. Hver er heildarfjöldi starfsmanna að meðaltali?

- 1-5
- 6-10
- 11-15
- 16-20
- 21-50
- 51-100
- Yfir 100

3. Hvernig er vinnutíma háttað?

- Vaktavinna - óregluleg lengd vakta
- Vaktavinna - 8 tíma vaktir
- Vaktavinna - 12 tíma vaktir
- Dagvinna 8-16
- Dagvinna 8-18
- Annað, hvað?

4. Hvernig er kynjahlutfalli starfsmanna háttað

- Jafn fjöldi karla og kvenna
- Fleiri konur en karlar
- Fleiri karlar en konur
- Eingöngu konur
- Eingöngu karlar

5. eru árstíðasveiflur í mannaflapörf fyrirtækisins/stofnunarinnar?

- Litlar sem engar sveiflur
- Miklar sveiflur, fleira starfsfólk að sumri
- Miklar sveiflur, fleira starfsfólk að vetri

6. Leitar fyrirtækið til Vinnumálastofnunar eftir starfsfólki?

- Já, alltaf/oft
- Já, stundum
- Sjaldan
- Nei, aldrei

7. Leitar Vinnumálastofnun til þíns fyrirtækis fyrir hönd atvinnuleitenda?

- Já, það hefur komið fyrir
- Nei, aldrei

8. Samskipti við Vinnumálastofnun eru:

- Góð
- Sæmileg
- Slæm
- Á ekki við, hef ekki verið í samskiptum

9. Hefur þú áhuga á að efla tengsl við Vinnumálastofnun vegna nýráðninga?

- Já
- Nei

10. Hvert er viðhorf þitt til atvinnuleitenda á skrá Vinnumálastofnunar?

- Mjög jákvætt
- Frekar jákvætt
- Frekar neikvætt
- Mjög neikvætt

11. Telur þú auðvelt að fá hæft starfsfólk gegnum Vinnumálastofnun?

Mjög auðvelt

Frekar auðvelt

Frekar erfitt

Mjög erfitt

12. Telur þú atvinnuleitendur Vinnumálastofnunar búa yfir færni sem nýtist hjá þínu fyrirtæki?

Mjög sammála

Frekar sammála

Frekar ósammála

Mjög ósammála

Atvinnuleitendur og atvinnurekendur á Austurlandi
Staða og framtíðarsýn
Úttekt gerð fyrir Vinnumarkaðsráð Austurlands 2015-2016

13. Hvaða kröfur gerir þú um íslenskukunnáttu atvinnuleitenda sem koma til greina í starf í þínu fyrirtæki?

- Viðkomandi þarf að hafa fulla færni í íslensku
- Viðkomandi þarf að geta gert sig skiljanlegan og skilið einfalt mál
- Íslenskukunnátta er ekki skilyrði

14. Hvert er viðhorf þitt til starfsþjálfunar og vinnuþrófunar fyrir einstaklinga á atvinnuleysissskrá

- Mjög jákvætt
- Frekar jákvætt
- Frekar neikvætt
- Mjög neikvætt

15. Hefur þú haft einstakling í vinnu sem var á vinnusamning frá Vinnumálastofnun? Fyrirkomulagið felst í að vinnuveitandi greiðir hluta launa á móti Vinnumálastofnun

- Já, fyrirkomulagið gekk vel og starfsmaðurinn var ráðinn þegar samningi lauk
- Já, fyrirkomulagið gekk vel en starfsmaðurinn var ekki ráðinn þegar samningi lauk
- Já, fyrirkomulagið gekk ekki vel
- Hef ekki tekið þátt í vinnusamningum
- Hef ekki tekið þátt í vinnusamningum en myndi vilja skoða úrræðið

16. Hefur þú haft einstakling í vinnu sem var í vinnuþrófun vegna starfsendurhæfingar? Fyrirkomulagið felst í að fyrirtæki veitir þjálfun og fræðslu um vinnustaðinn en einstaklingurinn þiggur bætur s.s. endurhæfingarlífeyri sem laun.

- Já, fyrirkomulagið gekk vel og starfsmaðurinn var ráðinn þegar samningi lauk
- Já, fyrirkomulagið gekk vel en starfsmaðurinn var ekki ráðinn þegar samningi lauk
- Já, fyrirkomulagið gekk ekki vel
- Hef ekki tekið þátt í vinnuþrófunum
- Hef ekki tekið þátt í vinnuþrófunum en myndi vilja skoða úrræðið